

þessu tilfelli, verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, sem
 antið hefir látið í ljósi í fyrnefndu bréfi, að hlutaðeigandi hafi
 ekki náð rétti til framfærslu í Kelduneshrepp með dvöl sinni þar.

1871.

14. júlí.

**69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
 norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
 sveitarómaga.**

14. júlí.

Með bréfi 15. maí þ. á. hefir antið sent hingað skjal
 nokkurt, þar sem hreppstjórnir í Hálshrepp hafa áfrýjað til
 dómsmálastjórnarinnar úrskurði amtsins 3. júní 1869,¹ sem ákveður,

1) Þessi úrskurður er svo látandi:

Einsog sjá má af meðlögðu bréfi frá hreppstjóranum í Öngul-
 staðahrepp, ásamt fylgiskjölum, dagsettu 8. marzm. þ. á., hefir
 hann borið undir úrskurð amtsins, hvar Benidikt nokkur Jónasson
 á Uppsölum sé sveitlægur.

Það er nú með lögmætu réttarprófi fullsannað, að Benidikt
 þessi, sem er 42 ára að aldri, hefir frá því hann var 8 ára dvalið
 í Hálshrepp innan Þingeyjarsýslu, þangað til hann vorð 1858
 fluttist í Öngulstaðahrepp, en þar hefir hann dvalið síðan, og var
 hann því í fyrra vor búinn að vera þar 10 ár samfleytt. Það er
 enn fremur sannað, að hann á þessum 10 árum hefir hjá hrepp-
 stjórunum í Hálshrepp fengið talsverðan og reglulegan sveitarstyrk,
 sem að því, er Benidikt skýrir frá, ekki hefir numið minna en
 87 rd. 48 sk., því þó hreppstjórinn í Hálshrepp hafi ekki, að
 sögn, fært styrk þenna inn í sveitarbókina, og að nokkru leyti
 reynt til að særa út hjá Benidikt endurgjald fyrir hann með því
 að taka hjá honum lífsbjargar-skepnur hans, sem hann auðsjaan-
 lega ekki mátti án vera, þá getur slíkt háttalag ekki haft þá
 réttarverkun, að Benidikt fyrir dvöl sína í Öngulstaðahrepp næði
 þar sveitfesti, því síður sem nokkur hluti af styrk þeim, sem
 hreppstjóri Öngulstaðahrepps með vitund og vilja hreppstjórnar-
 innar í Hálshrepp veitti Benidikt, með því að koma niður einu
 barni hans, ekki var endurgoldinn, þegar 10 dvalar-ár hans í
 Öngulstaðahrepp voru liðin.

1871.

14. júlí.

að Benidikt Jónasson sè sveitlægur í tæðum hreppi, og lagt það til, að úrskurður amtsins standi óraskaður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu þessa.

19. júlí.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til að læra ostatilbúning.

Dómsmálastjórnin mælist til, að fjárhagsstjórnin láti borga sem útgjald fyrir jarðabókarsjóð Íslands úr aðalféhirzlunni hér í borginni til assistents í hinni íslenzku stjórnardeild, cand. juris Julius Havsteens, 40 rd., sem eru veittir Kristjönu Guðnýju Sigurðardóttur frá Íslandi, til þess að taka kennslu í ostatilbúningi, á meðan hún dvelst hér um stundar sakir.

24. júlí.

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald fyrir leiðarbréf handa spánversku skipi.

Í desembrm. f. á. var í Reykjavík tekið íslenzkt leiðarbréf handa spanska gufuskipinu *Norte*, sem skipstjórnarmaður *Zavola* frá *Bilbao* ræður fyrir, og sýndi erindsreki skipsins, er hann beiddist leiðarbréfsins, spanskt mælingarbréf, sem var gefið út í *Bilbao*, en samkvæmt því var skipið að rúmmáli 283 spanskar

Með því nú ofanefndur Benidikt Jónasson hefir bæði beinlinis og óbeinlinis þegið verulegan sveitarstyrk á meðan hann dvaldi í Öngulstaðahrepp, getur hann ekki með 10 ára veru sinni þar áunnið sér framfærslurétt, og úrskurðast hann því, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, 6. gr., með hyski sínu sveitlægur í Hálshrepp í Þingeyjarsýslu.